

# Lög

## um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

---

### 1. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrir sögn:

*Meðábyrgð starfsmanns vegna líkamstjóns í vinnuslysum.*

Nú verður starfsmaður fyrir líkamstjóni í starfi sínu og skerðist þá ekki réttur hans til skaðabóta vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð.

Ef starfsmaður sem 1. mgr. tekur til deyr af völdum tjónsatburðar skulu bætur sem greiddast þeim er misst hafa framfæranda ekki skerðast vegna meðábyrgðar hins látna, nema hann hafi átt þátt í dauða sínum af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til tjónsatvika sem verða eftir gildistöku laganna.

---

*Samþykkt á Alþingi 18. desember 2009.*